

Súðavíkurhreppur
Jóhann Birkir Helgason
Grundarstræti 1-3
420 Súðavík

Reykjavík, 10. nóvember 2022
UST202209-253/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Reykjanes - Súðavíkurhreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Súðavíkurhrepps er barst 27. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði í Reykjanesi við Djúp í Súðavíkurhreppi.

Í greinargerð kemur fram markmið deiliskipulagsins er að auka möguleika á nýtingu Reykjanes á sjálfbæran hátt auk verndunar náttúru svæðisins. Lögð er áhersla á aukinn möguleika til atvinnuuppbyggingar sem og aðgengi almennings að náttúru svæðisins. Tillagan gerir ráð fyrir þrem lóðum. Á lóð A1 er gert ráð fyrir saltvinnslu, á lóð A2 er gert ráð fyrir vistvænni starfsemi, einkum matvælaframleiðslu, ylrækt eða starfsemi sem styrkir ferðaþjónustu og ímynd svæðisins og á lóð A3 er gert ráð fyrir veitumannvirki.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið á kynningarstigi 9. júní sl.¹

Náttúruvernd og markmið

Í greinargerð kemur fram að markmið deiliskipulagsins er að auka möguleika á nýtingu Reykjanes á sjálfbæran hátt auk verndunar náttúru svæðisins þar sem lögð er áhersla á „vistvæna“ starfsemi og að halda raski í lágmarki. Auk þess kemur fram að allt land Reykjanes er á náttúruminjaskrá, þar sem að svæðið er eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum, með sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf. Hins vegar kemur fram í umhverfismati að tillagan hafi neikvæð áhrif á náttúrufarslega þætti en umfang þeirra er óverulegt.

Hér er um að ræða svæði sem hefur mikið verndargildi og leggur því stofnunin áherslu á að tillagan rýri ekki verndargildi svæðisins og lögð sé áhersla á endurheimt.

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir auk þess á að í 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir að ef í ljós kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi geta haft neikvæð áhrif á umhverfið skal gera breytingar á deiliskipulagstillögunni til að draga úr hinum neikvæðu áhrifum eða rökstyðja af hverju það er ekki gert. Setja skal skilmála um vöktun áhrifa og um hvernig bregðast eigi við umhverfisvandamálum eftir því sem þörf er á.

¹ [https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20Reykjanes%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20Reykjanes%20-%20Copy%20(1).pdf)

Vatnamál

Í greinargerð kemur fram að landeigandi og rekstraraðilar munu leitast eftir að finna kalt neysluvatn á svæðinu eða semja við aðra landeigendur um neysluvatn finnist ekki nothæft vatn á svæðinu. Í umhverfismati segir að óvissa sé um áhrif uppbyggingar á langtímavernd vatnsauðlindarinnar en það er háð gerð og umfangi framleiðslu og útfærslu vatnsöflunar.

Því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að skoða þann þátt betur áður en haldið er áfram með skipulag svæðisins. Ítarlegri upplýsingar vantar um mögulegan annan stað sem sækja má vatn til (yfir Ísafjörð), staðsetningu, hvort nægt vatn sé þar að finna og hvernig það yrði flutt til Reykjaness. Auk þess þarf að fjalla um möguleg umhverfisáhrif af flutningi á vatni til Reykjaness.

Umhverfisstofnun bendir á að verði af framkvæmdum ætti einnig að fylgjast vel með notkun á heitu vatni og mögulegum áhrifum þess á gróður- og dýralíf.

Fráveita

Í greinargerð segir að samráð skuli haft við heilbrigðiseftirlitið um útfærslu fráveitulausna. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fráveita sé í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur